



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Grundarfirði, 18. janúar 2013.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar við mengun af völdum rotnandi síldar í Kolgrafafirði og í fjörum við Kolgrafafjörð.

Vísað er til fyrri samskipta við Umhverfisstofnun og fréttatilkynningar stofnunarinnar vegna málsins.

Samkvæmt áætlun Hafrannsóknastofnunarinnar eru um 30.000 tonn af dauðri og rotnandi síld um allan Kolgrafafjörð. Mikill óþefur er af síldinni og berst hann um allan fjörðinn. Bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur miklar áhyggjur af ástandinu í firðinum, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum, verði ekki farið út í hreinsunarstarf á svæðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnuninni er helsta orsök síldardauðans að öllum líkindum súrefnisskortur. Stofnunin getur þó ekki útilokað að samspil súrefnisskorts og annarra þátta hafi einnig átt þátt í dauðanum en rotnunin sem nú á sér stað í firðinum getur að mati Hafrannsóknastofnunarinnar viðhaldið lágu súrefnismagni í firðinum. Því er viðvarandi hættu til staðar á næstu mánuðum og mögulega árum að sömu afleiðingar verði, gangi síld, eða annar fiskur inn á fjörðinn.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 er mengun skilgreind sem atvik þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta. Í sömu grein er bráðamengun skilgreind sem mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar telur að rotnun síldarinnar í Kolgrafafirði teljist tvímælalaust sem mengun samkvæmt framangreindri skilgreiningu. Í ljósi atvika verður einnig að telja að hér sé um bráðamengun að ræða og þörf sé á tafarlausum aðgerðum til þess að koma í veg fyrir að fiskur gangi aftur inn á fjörðinn með sömu afleiðingum, þ.e. að fiskurinn drepist vegna súrefnisskorts sem mögulega stafar af rotnun síldarinnar sem nú er dauð um allan fjörðinn.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 er það hlutverk Umhverfisstofnunar að gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við viðbragðsáætlanir og ber stofnunin einnig ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist.

Eðlilegt er að íbúar hafi áhyggjur yfir því sem er að gerast. Mikilvægt að þeir séu upplýstir um viðbragðsáætlun og drög séu kynnt á fyrirhuguðum fundum með bæjarstjórn, landeigendum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til þess að fara yfir málið og ræða næstu skref. Mikilvægt er að þetta gerist hið allra fyrsta.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar hafnar algerlega að það sé landeigenda eða sveitarfélagsins að bera ábyrgð eða kostnað vegna þessa atburðar. Það er mat bæjarstjórnar Grundarfjarðar að það sé í höndum Umhverfisstofnunar að bregðast við með viðeigandi hætti og því fer bæjarstjórnin fram á það við stofnunina að án tafar verið unnin viðbragðsáætlun vegna þess skaða sem fyrirsjáanlegur er á lífríki fjarðarins, fuglalífi sem og þeim óþrifnaði og ólykt sem þetta veldur.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðar


Björn Steinar Pálmason
bæjarstjóri